

Selfossi, 13. janúar 2026

Bæjarráð Árborgar
Sveinn Ægir Birgisson formaður
Austurvegi 2
800 Selfoss

Áskorun til bæjarráðs Árborgar frá skólaráði Stekkjaskóla

Skólaráð Stekkjaskóla fundaði 11. desember síðastliðinn þar sem fulltrúar nemenda ítrekuðu þá áskorun skólaráðs sem var send bæjarráði 23. janúar 2024 að koma upp skólahreystivelli á skólalóðinni.

Skólaráð fagnar tillögu nemenda um skólahreystivöll á skólalóð Stekkjaskóla og styður hana heilshugar.

Nú á eftir að hanna 3. hluta skólalóðarinnar þar sem ætlunin er að koma upp boltavöllum og ýmsum leiktækjum.

Skólaráð Stekkjaskóla skorar á bæjaryfirvöld Árborgar að hefja nú þegar undirbúning og hönnun 3. áfanga skólalóðarinnar og setja þar upp skólahreystivöll.

Ekki aðeins mun aðstaðan nýtast nemendum á skólatíma, heldur verður völlurinn einnig opinn almenningi í Árborg þar sem enginn Skólahreystivöllur hefur verið aðgengilegur til þessa. Aðstaða sem þessi er vel til þess fallinn að efla lýðheilsu og samverustundir fjölskyldna Árborgar ásamt því að vera vettvangur fyrir grunnskóla Árborgar til æfinga og þátttöku í því frábæra samfélagi sem Skólahreysti hefur skapað á landsvísu.

Við í skólaráði Stekkjaskóla vonum að erindið hljóti góð viðbrögð og að sveitafélagið sjái sér hag í að nýta þessa jákvæðu hugmynd og sýn okkar yngri bæjarbúa.

Með góðri kveðju frá skólaráði Stekkjaskóla,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri og Hildur Bjargmundsdóttir aðstoðarskólastjóri varafulltrúi
Arnar Páll Gíslason foreldrafulltrúi og Elva Dögg Valsdóttir varafulltrúi
Ingibjörg Hilmarsdóttir foreldrafulltrúi og Ragna Ýr Sigurvinsdóttir varafulltrúi
Elín Aðalheiður Snorradóttir nemendafulltrúi og Halldóra Karítas Ármannsdóttir varafulltrúi
Patrekur Brimar Jóhannsson nemendafulltrúi og Ólafur Geir Hlynsson varafulltrúi
Guðbjörg Líf Óskarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Halla Baldursdóttir varafulltrúi
Helga Þórey Rúnarsdóttir kennarafulltrúi
Kristín Bergmann kennarafulltrúi
Magnús J. Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins